

AUKIN VATNSTAKA OG BORHOLUR Á STEINDÓRSSTÖÐUM

Svör við umsögnum og
athugasemdum við
matskyldufyrirspurn

Janúar 2026



1 Inngangur

Veitur eru að undirbúa umsókn um nýtt nýtingarleyfi vegna vinnslu á köldu vatni á Steindórsstöðum fyrir Vatnsveitu Reykholtisdals í samræmi við lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Sótt verður um leyfi til nýtingar á 20 L/s af köldu grunnvatni að jafnaði yfir árið til 50 ára en í gildi er nýtingarleyfi uppá allt að 10 L/s nýtingu. Vinnslan er innan svæðis sem skilgreint er sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá, Reykjadalssá og Rauðsgil og því tilkynningarskyld framkvæmd. Aukin vatnstaka kallar ein og sér ekki á ný mannvirki á yfirborði eða aðrar aðgerðir sem geta haft í för með sér rask en Veitur hyggjast þó bora viðbótarholu/holur á næstu árum til þess að bæta rekstraröryggi veitunnar við lága vatnsstöðu.

Kynningartími matskyldufyrirspurnar var frá 21.nóvember til 19. desember 2025. Alls bárust 3 umsagnir.

Hér er gerð grein fyrir umsögnum sem bárust og viðbrögðum framkvæmdaaðila við þeim. Umsagnir eru flokkaðar eftir umsagnaraðilum. Í einhverjum tilvikum hafa umsagnir verið umorðaðar eða stokkaðar upp til að draga saman helstu atriðin. Hægt er að sjá umsagnirnar í heild sinni inni á Skipulagsgátt.

2 Listi yfir umsagnir og athugasemdir

Umsagnaraðilar	Dags. umsagnar
Umhverfis- og orkustofnun	18.12.2025
Borgarbyggð	22.12.2025
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	6.11.2025

3 Umsagnir og viðbrögð framkvæmdaaðila

Umsagnaraðili	Athugasemd	Viðbrögð
Umhverfis- og orkustofnun	Vinnslan er háð nýtingarleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.	Umhverfis- og orkustofnun er með til vinnslu hjá sér nýtingarleyfisumsókn vegna þessa.
Umhverfis- og orkustofnun	Umhverfis- og orkustofnun telur að í meginatriðum sé gert nægilega grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á vatn í matskyldufyrirspurninni. Þó gerir stofnunin eina athugasemd: Í umsókn og í áhrifamati kemur fram að vinnsluaukningin ætti ekki að hafa áhrif á gæðapætti straumsvatnshlotsins. Hinsvegar, að mati stofnunarinnar, gæti vatnstakan haft lítilsháttar áhrif á vatnsformfræði árinna Rauðsgils (Þverlækur, Fellalækur, Skammá og Sléttafellskvísl nr. 104-205-R), þar sem vatnsbólíð er fætt af ánni. Betur þyrfti að gera grein fyrir þessu í áhrifamatinu. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir við umfjöllun um vatnamál í matskyldufyrirspurninni og tekur undir meginniðurstöður hennar, en bendir á að farið verður ítarlegar yfir áhrifamatið í leyfisferlinu hjá stofnuninni.	Skerpt verður á orðalagi í áhrifamati um áhrif á gæðapætti straumvatnshlotsins. Áhrif eru áfram metin óveruleg.
Borgarbyggð	Borgarbyggð telur að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og þeim þáttum sem tengjast henni, varúðarráðstöfunum og viðbragðsáætlunum vegna mögulegrar mengunar á framkvæmdatíma. Gerð sé vel grein fyrir áhrifum á vatnshlot Hvítár og straumvatnshlot Rauðsgilsár. Að teknu tilliti til framlagðra gagna telur Borgarbyggð að framkvæmdin falli ekki undir mat á umhverfisáhrifum með tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um mat á umhverfismati framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Vatnsból og vatnsvernd Steindórsstaða (VB5) vatnsból, (VG39) grannsvæði og (VF39) fjarsvæði eru skilgreind í endurskoðuðu aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025-2037.	Umsögn krefst ekki viðbragða.
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að góð grein sé gerð fyrir fyrirhugaðri framkvæmd vegna aukinnar vatnstöku í framlögðum gögnum og að framkvæmdin þurfi ekki að fara í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gefur út starfsleyfi vegna jarðborana í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s. br. og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Ef til kemur að settar verði upp starfsmannabúðir þarf leyfisveitingu vegna þeirra í samræmi við reglugerð um hollustuhætti nr. 904/2024.	Sótt verður um tilskilin leyfi til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna jarðborunar.